



Rangárþing ytra
Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri
Suðurlandsvegi 1
850 Hellu

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2017

Reykjavík, 2. maí, 2017.

Ágæti hluthafi.

Boðað er til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf. miðvikudaginn **24. maí** klukkan **14:00** að Katrínartúni 2, 105 í Reykjavík, 2. hæð.

Dagskrá fundarins er samkvæmt 14. grein samþykktu félagsins.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar.
3. Breyting á samþykktum félagsins
4. Kosning stjórnar og endurskoðanda.
5. Meðferð hagnaðar.
6. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og endurskoðanda.
7. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins verður sendur út í tölvupósti fyrir fundinn, ásamt nógildandi samþykktum þess.

Virðingarfyllst, fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna hf.,

Sveinbjörg Sveinsdóttir
framkvæmdastjóri



Tillögur fyrir aðalfund Landskerfa bókasafna hf. sem haldinn er þann 24. maí 2017.

1.

„Gerð er tillaga um að fundurinn samþykki að veita stjórn félagsins heimild til að hækka hlutafé félagsins um kr. 4.000.000 eða hlutafé félagsins upp í kr. 151.475.420 með áskrift nýrra hluta. Heimildin mun gilda í 5 ár og hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu.“

2. mgr. 4. gr. samþykkt félagsins mun því verða svohljóðandi: „Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé þess um allt að kr. 4.000.000 – fjóramiljónir króna – með áskrift nýrra hluta. Hluthafar skulu ekki eiga forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum heldur skal stjórn félagsins leitast við að fjölga hluthöfum þess. Þó má selja núverandi hluthöfum nýjan hlut í þeim tilvikum þar sem hluthafinn er sveitarfélag sem sameinast hefur ssveitarfélagi sem ekki átti hlut áður. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunar. Stjórn félagsins skal ákveða útboðsgengi, greiðsluskilmála og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessum ákvæðum fellur niður í apríllok 2022 að því marki sem hún þá enn kann að vera ónýtt.“

2.

Með vísan til 14. greinar samþykkt félagsins, leggur stjórn þess til að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2017 til aðalfundar 2018 verði kr. 30.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð.

Jafnframt leggur stjórn félagsins til að þóknun til endurskoðanda, sem er Ríkisendurskoðun, verði greidd skv. reikningi.

Greinargerð með tillögu:

Þóknun til almenns stjórnarmanns var hækkuð úr kr. 15.000 í kr. 20.000 á aðalfundi félagsins árið 2007. Síðan þá hefur þóknunin ekki verið hækkuð. Með hliðsjón af þróun vísitölu neysliverðs á milli árána 2007 og 2017 er nú gerð tillaga um að þóknunin verði hækkuð í kr. 30.000.

